
Fundargerð



ÍSLENSKI
LÍFEYRISJÓÐURINN

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins, haldinn þann 28. apríl 2016,
kl. 17:00 í aðalútibúi Landsbankans, Austurstræti 11,
155 Reykjavík.

Atli Atlason, formaður stjórnar sjóðsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Borgar Þór Einarsson, hdl. í starf fundarstjóra og var það samþykkt án athugasemda.

Borgar tók við stjórn fundarins og byrjaði á að kanna lögmati hans. Samkvæmt samþykktum sjóðsins, sbr. gr. 6.1., skal boða til ársfundar með sannanlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu 6. apríl 2016 og á vef Íslenska lífeyrissjóðsins sama dag. Fundarstjóri lýsti því yfir að um eðlilega og lögmatæta boðun væri að ræða, engar athugasemdir komu úr sal og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan. Því næst tilnefndi fundarstjóri Pálma Rögnvaldsson, starfsmann Landsbankans, sem fundarritara og var það samþykkt án athugasemda.

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykkta. Fundarstjóri lagði til að farið yrði yfir fyrstu fjóra dagskrárlíði fundarins áður en opnað yrði fyrir mælendaskrá, engar athugasemdir voru gerðar og var það samþykkt.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Atla Atlasyni, formanni stjórnar, orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Hann bauð sjóðfélaga velkomna og þakkaði þeim fyrir að mæta á fundinn.

Í máli formanns kom fram að rekstur Íslenska lífeyrissjóðsins hefði gengið vel á liðnum árum. Sjóðurinn hefði vaxið hratt og sjóðfélögum fjölgað. Í lok árs 2015 hafi sjóðfélagar verið tæplega 30.500 talsins, samanborið við tæplega 28.500 í ársbyrjun. Virkir sjóðfélagar í árslok, þ.e. einstaklingar sem greiddu iðgjöld á árinu, voru rúmlega 9.800 á árinu samanborið við um 9.000 á árinu 2014. Þessar tölur væru í samræmi við áætlanir og markmið stjórnar um vöxt sjóðsins.

Fram kom að ávöxtun eigna sjóðsins á árinu 2015 hefði verið sérlega góð eða með því besta sem gerðist meðal íslenskra lífeyrissjóða. Þannig hefði hrein raunávöxtun verið 10,6% en meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. fimm ár er 4,9%. Þá kom fram að hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris í árslok 2015 hefði numið 54,8 milljarðar króna og hefði vaxið um 9,6 milljarða frá fyrra ári.

Formaður vék í máli sínu að rekstri sjóðsins og kvað það markmið stjórnar að tryggja hagkvæman og öruggan rekstur lífeyrissjóðsins, að tryggja góða ávöxtun eigna sjóðsins og skila sjóðfélögum góðum lífeyrisréttindum. Fram kom að stjórn hefði ákveðið að efna til útboðs á endurskoðun ársins 2016 með það að markmiði að ná niður kostnaði við endurskoðun sjóðsins. Í kjölfar útboðsins hefði stjórn sjóðsins ákveðið að leggja til við ársfundinn að kjósa Rýni endurskoðun sem endurskoðendur sjóðsins vegna ársins 2016.

Fram kom að samkvæmt útreikningum trygginga-stærðfræðings sjóðsins væru eignir samtryggingadeildar 666 milljónum króna hærrí en lífeyris-skuldbindingar eða sem nemur 3%. Í lok árs 2014 hefðu skuldbindingar verið 0,5% hærrí en eignir og því hefði viðsnúningur orðið á tryggingafræðilegri stöðu sem mætti fyrst og fremst rekja til góðrar ávöxtunar á árinu. Eignir og skuldbindingar samtryggingadeildar sjóðsins væru áfram í góðu jafnvægi og engar breytingar fyrirhugaðar á réttindum sjóðfélaga.

Formaður vék í máli sínu að rekstrarsamningi sjóðsins við Landsbankann en sjóðurinn greiðir umsýsluþóknun til bankans sem nemur 0,28% af meðalstöðu hreinnar eignar yfir árið. Því til viðbótar reiknast árangurstengd þóknun ef ávöxtun eigna sjóðsins fer umfram þær viðmiðunarvísitölur sem fjárfestingastefna sjóðsins tekur mið af. Umsýsluþóknun skiptist á milli fjárfestingagjalda og rekstrarkostnaðar sjóðsins. Á árinu greiddi sjóðurinn 146 milljónir í fasta og árangurstengda þóknun til Landsbankans vegna reksturs sjóðsins.

Formaður rakti því næst ýmsar breytingar sem hefðu orðið í umhverfi lífeyrissjóða á liðnum misserum. Þannig hefði verið heimilað að greiða séreign inn á húsnæðislán og greiða út séreign að tilteknu hámarki. Í umræðunni hefði sú hugmynd verið viðruð að festa úrræði um greiðslur til húsnæðis í sessi með einum eða öðrum hætti. Þá hefði stjórnvöld unnið að losun gjaldeyrishafta og sæi nú fyrir endann á þeirri vinnu. Það væri afar brýnt hagsmunamál fyrir lífeyrissjóði að fá tækifæri til að fjárfesta erlendis. Á liðnum mánuðum hefði Seðlabanki Íslands heimilað takmarkaðar fjárfestingar lífeyrissjóða erlendis og hefði Íslenski lífeyrissjóðurinn nýtt allar slíkar heimildir til fulls. Í nýju samkomulagi aðila vinnumarkaðarins (SALEK samkomulag) væri kveðið á um hækkun iðgjalds í lífeyrissjóði úr 12% í 15,5%. Iðgjaldið mun hækka í áföngum til ársins 2018 en þá verður framlag atvinnurekenda orðið 11,5% í stað 8%. Endanleg útfærsla um ráðstöfun iðgjaldsins til séreignar eða samtryggingar liggur ekki fyrir í öllum tilvikum. Þá hefði verið ákveðið að breyta forsendum útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða þar sem horfið yrði frá því að byggja mat á meðalævi til framtíðar á reynslu síðustu ára um lífaldur. Þess í stað verði meðalævi til framtíðar reiknuð út frá spá um áframhaldandi lengingu á meðalævi. Breytingin mun hafa áhrif á Íslenska lífeyrissjóðinn eins og aðra lífeyrissjóði og verða viðbrögð sjóðsins útfærð og kynnt á næstu misserum.

Að lokum þakkaði formaður þeim sem starfað hafa með stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóra, sjóðstjóra og öðrum fyrir vel unnin störf í þágu hans.

2. Kynning á ársreikningi

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2015. Ólafur sagði að ársreikningurinn hefði verið áritaður af óháðum endurskoðenda þann 30. mars 2016.

Fram kom í máli framkvæmdastjórans að iðgjöld hefðu hækkað um 51% en lífeyrir lækkað um 20% sem skýrðist m.a. af því að útgreiðslum vegna sérstakrar útgreiðslu viðbótarsparnaðar væri að ljúka. Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok árs 2015 var 54,8 milljarðar og hefði vaxið um 9,6 milljarða frá fyrra ári. Frá árinu 2011 hefði hrein eign sjóðsins vaxið um 79% þrátt fyrir miklar úttektir úr sjóðnum.

Framkvæmdastjóri fór yfir þróun lífeyrisbyrði með og án fyrirframgreiðslu, en sérstök fyrirframgreiðsla séreignarsparnaðar hefði skekkt lífeyrisbyrði sjóðsins á liðnum árum. Framkvæmdastjóri fór yfir rekstrarkostnað sem hefur farið lækkandi frá árinu 2012, þ.e. úr 0,38% í 0,23% af eignum sjóðsins. Fram kom að meginskýringu á lækkun rekstrarkostnaðar megi rekja til rekstrarsamnings sem gerður var um mitt ár 2013 þegar föst þóknun var lækkuð úr 0,42% í 0,28%.

Framkvæmdastjóri fór yfir eignir sjóðsins, sjóðstreymi sjóðsins, skýringar í ársreikningi sjóðsins og vöxt deilda. Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir sögulega raunávöxtun deilda og skiptingu eigna eftir gjaldmiðlum.

3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Pétur Pétursson, sjóðstjóri sjóðsins, gerði þessu næst grein fyrir fjárfestingarstefnu Íslenska lífeyrissjóðsins á árinu 2016. Fjárfestingarstefna ársins 2016 var samþykkt af stjórn sjóðsins í nóvember 2015. Stefnan væri mótuð út frá stöðu sjóðsins, aldri sjóðfélaga og áhættuþoli. Fram kom að litlar breytingar hefðu verið gerðar á fjárfestingarstefnu frá fyrra ári. Helstu breytingar sem gerðar voru á fjárfestingarstefnunni á milli ára voru að hlutfall innlendra og erlendra skráðra hlutabréfa var hækkað, hlutfall innlendra framtakssjóða var hækkað lítillega, hlutfall skuldabréfa var lækkað og hlutfall skuldabréfa útgefnum af fjármálastofnunum var hækkað á kostnað ríkisskuldabréfa. Við mótnun fjárfestingarstefnunnar hefði verið horft til þeirra eignaflokka sem sjóðurinn gæti fjárfest í, væntrar ávöxtunar þeirra og áhættu. Fram kom að stóran hluta eigna sjóðsins gætu sjóðfélagar flutt á milli ávöxtunarleiða

og til annarra vörsluaðila. Því væri mikilvægt að stórt hlutfall sjóðsins væri í seljanlegum eignum.

Að lokum fór sjóðstjóri yfir þróun markaða á árinu 2015. Fram kom að verðbólga hefði hækkað á árinu en þó verið undir verðbólguþröngmiði Seðlabankans. Mikið líf var á innlenda skuldabréfamarkaðnum árinu 2015 og margt sem hafði áhrif á verðlagningu skuldabréfa, s.s. kjaraviðræður, hótanir um vaxtahækkunir og losun fjármagnshafna. Fram kom að skuldabréfavísitala kauphallarinnar hefði hækkað um 9,1% á árinu 2015. Þá hefði hlutabréfamarkaðurinn verið mjög líflegur en OMX18 hækkaði um 49%. Afkoma skráðra félaga hefði verið góð og efnahagur sterkur. Erlendir hlutabréfamarkaðir hefðu þróast í ýmsar áttir, en Japan og Evrópa hefðu komið sterkt út á meðan nýmarkaðir hefðu verið slakir. Heimsvísitala hlutabréfa hefði lækkað um 2,6%.

4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun

Bjarna Guðmundssyni, tryggingarstærðfræðingur sjóðsins, gerði því næst grein fyrir tryggingafræðilegri athugun sjóðsins á samtryggingardeild sjóðsins á árinu 2015 og forsendum hennar. Fram kom að athugunin væri samanburður á eignum lífeyrissjóðsins og verðmæti iðgjalda við skuldbindingar sjóðsins til lífeyris. Skuldbindingar væru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga og mat þeirra kallaði því á sérhæfða útreikninga. Lífeyrisjóðir hefðu almennt engan ábyrgðaraðila. Af því leiddi að ef eignir væru lægri en skuldbindingar þyrfti að lækka áunnin réttindi eða hækka iðgjöld.

Bjarni rifjaði upp að á síðasta ársfundi sjóðsins hefði hann boðað að það yrði búið að breyta um aðferðarfræði og forsendur þegar hann kæmi næst. Það reyndist ekki vera svo og væru forsendur því eins í ár eins og þær voru á síðasta ári.

Fram kom að tryggingafræðileg heildarstaða sjóðsins í árslok 2015, þ.e. eignir umfram skuldbindingar, væri 665,9 milljónir eða 3%. Staðan hefði batnað umtalsvert frá fyrra ári þegar hún var neikvæðu um -96,2 milljónir eða -0,5%. Áunnin staða var í árslok 7,6% eða 731,2 milljónir og hefði batnað úr -0,1%. Þá hefði framtíðarstaða batnað úr -0,8% og farið í -0,5%

Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir vegna dagskrárliða nr. 1 til 4. Engar spurningar voru bornar upp. Fundarstjóri bar því næst ársreikning ársins 2015 fram til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn

Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag kosninga til stjórnar.

Samkvæmt samþykktum þarf að kjósa tvo stjórnarmenn í aðalstjórn til tveggja ára. Í framboði voru:

Erla Ósk Ásgeirsdóttir.
Snorri Ómarsson.

Engin annar hafði boðið sig fram og því voru þau sjálfkjörin til setu í stjórn sjóðsins.

Samkvæmt samþykktum þarf að kjósa einn varamann í stjórn til tveggja ára. Eitt framboð hafði borist:

Valur Ægisson.

Fundarstjóri lýsti eftir fleiri framboðum til varamanna sjóðsins. Engin fleiri framboð bárust og því var Valur sjálfkjörin varamaður.

6. Kosning endurskoðanda

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til, að fenginni tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins, að endurskoðandi sjóðsins árið 2016 verði Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18. Ekki var gerð athugasemd af fundarmönnum.

Fundarmenn samþykktu tillögu stjórnar og lýsti fundarstjóri Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18 því réttkjörinn endurskoðandi Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2016.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Engar breytingartillögur bárust innan tímamarka og því ekki farið í þennan lið.

8. Laun stjórnarmanna

Gerð var grein fyrir tillögu að launum stjórnar. Hljóðar hún svo:

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til að stjórnarlaun verði 86.000 krónur á mánuði, tvöfalt fyrir stjórnarformann og ein og hálf stjórnarlaun fyrir varaformann. Varamenn fá greiddar 36.000 krónur fyrir hvern setinn stjórnarfund auk 50.000 króna til viðbótar fyrir hvern fund sem þeir eru boðaðir á í forföllum aðalmanns.

Mánaðarleg þóknun til varamanns skal aldrei vera hærri en sem svarar til launa aðalmanna í stjórn.

Tillagan felur í sér 13,2% hækkun sem er í takt við hækkun á launavísitölu.

Tillagan var samþykkt samhljóma af fundarmönnum.

9. Önnur mál

Fundarstjóri kvað orðið laust. Enginn bað um orðið.

Fundarstjóri gaf því stjórnarformanni orðið. Hann þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir samstarfið á árinu og sagði fundi slitið um kl. 17:45.

Sjóðfélagar á fundi voru 16 og vægi atkvæða 0,22%.

